

GJALDSKRÁ

Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er eftirfarandi:

	kr.
Gjald á sædda kú í skýrsluhaldi	1.600
Gjald á sædda kú utan skýrsluhalds	2.100
Gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	4.700
Gjald fyrir sæði úr holdanauti	1.350
Heimsóknargjald vegna sæðinga	950

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV	kr.	4.100	pr. klst.
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV	kr.	9.000	pr. klst.
Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði BV	kr.	0	

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxa sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er staðfest af ráðherra með heimild í 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. janúar 2011.

F. h. r.

Kristinn Hugason.

Arnór Snæbjörnsson.